

**Sb.**

### **315. Tillaga til þingsályktunar**

um mælingu á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar.

Fhn.: Gísli Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram þegar á þessu ári mælingar á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar.

#### **Greinargerð.**

Mörg undanfarin ár hefur allverulegri upphæð verið veitt á fjárlögum til sjómælinga. Á fjárlagafrumvarpi fyrir 1948 er gert ráð fyrir rúmlega 150 þús. krónum til þessara framkvæmda. Ein af þeim siglingaleiðum, sem mjög er aðkallandi, að mæld verði hið bráðasta, er leiðin um norðurhluta Breiðafjarðar.

Með nýrri skipulagningu strandferðanna er ætlað til, að flóabátar þeir, er nú halda uppi samgöngum um Breiðafjörð, hætti störfum og fjórðungsbátar ríkisins taki við, þar sem því verður við komið. En til þess að þetta megi verða, er nauðsynlegt, að mæld verði upp siglingaleiðin um norðurhluta Breiðafjarðar, þar sem ógerningur er að láta þau skip sigla þessa leið, fyrr en hún hefur verið að fullu mæld og uppdráttur gerður af henni. Er þetta mjög mikið áhugamál þeirra, sem í héruðum norðan Breiðafjarðar búa, að það sé ekki látið dragast lengur, að þessu verði hrundið í framkvæmd. Læt ég hér með fylgja áskorun með greinargerð, undirritaða af 49 íbúum þessara héraða. Er þess vænt, að Alþingi fallist á nauðsyn þessa máls og samþykki þál.

#### **Fylgiskjal.**

Við undirritaðir kjósendur í Gufudals- og Múlahreppi, skorum hér með á yður, herra alþingismaður, að beita yður fyrir því, að á næsta vori verði mæld sjóleiðin frá Flatey til þeirra staða í áðurnefndum hreppum, sem til greina geta komið sem hafnarstaðir á hinu ómælda svæði, það er frá Múlanesi til Þorskafjarðar.

Um nauðsyn þessa máls vísast til meðfylgjandi greinargerðar:

Ástand það, sem ríkir í samgöngumálum hér við norðanverðan Breiðafjörð, þar sem engir bílvegir hafa enn verið lagðir, er þannig, að telja má, að það sé alveg óviðunandi, hvað snertir flutning á þungavöru, vegna hins dýra umskipunarkostnaðar í Flatey. Þrátt fyrir það, að ærnu fé er nú árlega varið til samgöngubóta hér á norðanverðum Breiðafirði og bátiferðir það tíðar nú orðið, að það má teljast nægilegt, miðað við framleiðsluháttu og þörf fólks til ferðalaga, þá kemur þetta fé ekki að tilætluðum notum fyrr en breytt verður um tilhögun skipaferðanna á þessu svæði.

Á þessu svæði, sem hér um ræðir, eru flestir bændur einyrkjar, ræktun lítil, og vélavinna til heyskapar hvergi sem nokkru nemur.

Af þessu leiðir fyrst og fremst það, að bændur verða að kaupa mikinn fóðurbæti til þess að geta haldið við bústofni sínum. Í öðru lagi verða þeir að hefjast handa um ræktun. Af því leiðir það, að auka verður til stórra muna kaup á tilbúnum áburði. Sá siður er nú af tekinn að brenna búfjáráburði, og þýðir það stórum aukin kolakaup, því mór er tæplega neins staðar til, sem einhlítur sé til eldi-  
viðar, og víða enginn til.

Auk þessa, sem áður er talið, er mikið verkefni fyrir hendi í uppbyggingu íbúðarhúsa, peningshúsa, áburðarhúsa o. fl., sem vænta má, að tekið verði á samhliða ræktuninni, eftir því sem þörfin krefur, og hún er víða mikil eftir kyrrstöðu stríðsáranna.

Til dæmis um það, hve umhleðsla í Flatey er dýr, skal tekið dæmi. Uppskipun á 50 kg af tilbúnum áburði er samkvæmt reikningi kr. 3.50, þ. e. kr. 0.07 á kg, en útskipun kr. 4.00 á poka, eða alls kr. 7.50 á hvern 50 kg poka, og er það kr. 0.15 hækkun á hvert kg áburðar, og hliðstæður því er umskipunarkostnaður á annarri þungavöru.

Sömu sögu er að segja um þungavöru, sem keypt er í Flatey, nema að á hana verður að greiða fullt farmgjald til ákvörðunarstaðar, annars framhaldsflutningur á því, sem flutt er til kaupenda lengra að með Ríkisskip. T. d. var í desember síðast liðnum (eftir upplýsingum kaupfélagsstjórans í Flatey) ekki hægt að selja kol (þá nýlega komin) undir kr. 500.00 tonn. Þar við bætist útskipun og flutningsgjald. Slíkt ofurverð sem þetta verður þess valdandi, að mönnum er ókleift að kaupa svo mikið af þeirri vöru sem þörf þeirra krefur.

Fyrsta sporið til þess að bæta úr þessu ástandi teljum við, að eigi að vera uppmæling á sjóleiðinni, sem nefnd er í áskoruninni. Það næsta yrði svo að fá þann bát, sem annast flutninga frá Reykjavík (eða annarri innflutningshöfn) til Breiðafjarðarhafna, áætlaðan til þeirra hafna, sem kynnu að verða löggiltar á því svæði, sem áskorunin tekur til, svo oft á ári sem nauðsyn bæri til, vegna flutnings á þungavöru. Á þennan hátt teljum við, að fjótast sé hægt að bæta úr þessum samgönguferfiðleikum, sem há svo mjög allri framfaraviðleitni manna í þessu byggðarlagi og hafa verið í því tilliti okkur fjötur um fót og verða, ef ekki verður úr því hætt.

Við væntum þess fastlega, að þessu máli verði tekið með vinsemd og skilningi af öllum aðilum, sem þar eiga hlut að, enda teljum við þetta mjög í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á strandferðum með auknum og bættum skipakosti.

Í desember 1947.

Jóhannes Jóhannsson, Bæ.  
Kristján Arason, Bæ.  
Jón Jóhannsson, Kirkjubóli.  
Gunnar Jóhannsson, Kirkjubóli.  
Valborg Jóhannsdóttir, Kirkjubóli.  
Jóhann Sigurðsson, Kirkjubóli.

Jóhannes Arason, Múla.  
Sæmundur Guðmundsson, Kvigindisf.  
Guðmundur Guðmundsson, Kvigindisf.  
Sæmundur Brynjólfsson, Kletti.  
Soffía Ólafsdóttir, Kletti.  
Jóakim Arason, Seljalandi.

Vigdís Sigurðardóttir, Seljalandi.  
Haukur Guðmundsson, Fjarðarhorni.  
Þóra K. Þórólfsdóttir, Fjarðarhorni.  
Þórólfur Jónsson, Fjarðarhorni.  
Sigríður Valgeirsdóttir, Fjarðarhorni.  
Kristín Pétursdóttir, Múla.  
Guðmundur Arason, Múla.  
Óskar Arinbjörnsson, Eyri.  
Guðrún Jóhanna Guðmundsd., Eyri.  
Sæm. M. Óskarsson, Eyri.  
Elín G. I. Ingimundardóttir, Eyri.  
Guðm. Óskarsson, Eyri.  
Pétur Pétursson, Galtará.  
Guðm. Jónsson, Kleifastöðum.  
Þóra Jónsdóttir, Kleifastöðum.  
Jón E. Jónsson, Skálanesi.  
Ingibjörg Jónsdóttir, Skálanesi.  
Ágúst Sigurbrandarson, Hofstöðum.  
Þórður Jónsson, Hofstöðum.

Rebekka Þórðardóttir, Hofstöðum.  
Nanna Þórðardóttir, Hofstöðum.  
Gísli Ágústsson, Hofstöðum.  
Björn Lýðsson, Fr.-Gufudal.  
Valgerður Andrésdóttir, Fr.-Gufudal.  
Kristín Sveinsdóttir, Neðri-Gufudal.  
Bergsveinn Finnsson, Neðri-Gufudal.  
Aðalsteinn Arason, Barmi.  
Ólafur Ólafsson, Hallsteinsnesi.  
Ólafur Þórarinsson, Hallsteinsnesi.  
Guðrún Jónsdóttir, Hallsteinsnesi.  
Sigríður Andrésdóttir, Þórisstöðum.  
Oddur Jónsson, Þórisstöðum.  
Ásgerður Andrésdóttir, Þórisstöðum.  
Þórður Andrésson, Hjöllum.  
Þórey J. Stefánsdóttir, Hjöllum.  
Gunnar H. Jónsson, Hjöllum.  
Páll Hjálmarsson, Hjöllum.